

Nefndarsvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík, 12. júní 2024

**Viðbótarumsögn Rannsóknarmiðstöðvar Íslands um frumvarp til laga um listamannalaun  
Þingskjal 1384 -937. mál. 154. Löggjafarþing 2023-2024**  
Upphafleg umsögn send 24. maí 2024

Í upphaflegri umsögn Rannís sem send var 24. maí sl. var ekki útfærð tillaga að textabreytingu varðandi seinna atriði umsagnar. Rannís mætti á fund allsherjar- og menntamálanefndar þann 6. júní sl. og kynnti þá tillögu að textabreytingu.

Umsögn Rannís snýr að því grundvallaratriði að hlutverkum stjórnar og úthlutunarnefnda sé ekki blandað saman. Stjórn sjái um yfirumsjón og eftirlit en úthlutunarnefndir úthluti fé úr sjóðunum.

Tillögur Rannís tengdar þessu seinna atriði í upphaflegri umsögn tengjast greinum 2, 11b og 11c.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að **3.mgr. í 2. gr.** orðist svo:

*„Stjórn listamannalauna hefur yfirumsjón með sjóðunum. Sérstakar nefndir annast úthlutun starfslauna úr sérgreindum launasjóðum skv. **a-g-lið 1. mgr. og gera tillögur um úthlutanir úr þverfaglegum sjóðum skv. h- og i-lið 1. mgr.**“*

Rannís leggur til að síðasti hluti setningarinnar (sem er rauðmerktur) verði felldur út sem segir að úthlutunarnefndir geri tillögu um úthlutun. Þar með er skýrt að úthlutunarnefndir sjá um úthlutun. Einnig þarf að taka út vísun í „a-g lið“ (rauðmerkt).

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að **2.mgr. í greinum 11b. og 11c.** orðist svo:

2. mgr í grein 11 b. Vöxtur:

*„Úthlutunarnefndir launasjóða skv. 6.–11. gr. og 11. gr. a tilnefna árlega listamenn sem koma til greina við úthlutun úr sjóðnum. Stjórn listamannalauna tekur afstöðu til tilnefninga og úthlutar fé úr Vexti.“*

2. mgr í grein 11 c. Vegsemd:

*„Úthlutunarnefndir launasjóða skv. 6.–11. gr. og 11. gr. a tilnefna árlega listamenn sem koma til greina við úthlutun úr sjóðnum. Stjórn listamannalauna tekur afstöðu til tilnefninga og úthlutar fé úr Vexti.“*

**Rannís leggur til að þessar málsgreinar verði orðaðar efnislega á þennan hátt:**

2. mgr í grein 11 b. Vöxtur:

*„Stjórn listamannalauna ákveður skiptingu mánaða úr Vexti á milli listgreina í samráði við formenn úthlutunarnefnda. Úthlutunarnefndir launasjóða úthluta fé úr Vexti. Úthlutunarnefndir geta ákveðið að hluti af mánuðum tiltekins sjóðs falli einnig undir Vöxt, til viðbótar þeim mánuðum sem koma úr Vexti.“*

2. mgr í grein 11 c. Vegsemd:

*„Stjórn listamannalauna ákveður skiptingu mánaða úr Vegsemd á milli listgreina í samráði við formenn úthlutunarnefnda. Úthlutunarnefndir launasjóða úthluta fé úr Vegsemd. Úthlutunarnefndir geta ákveðið að hluti af mánuðum tiltekins sjóðs falli einnig undir Vegsemd, til viðbótar þeim mánuðum sem koma úr Vegsemd.“*

Í upphaflegri umsögn frá 24. maí sl. er tillaga að textabreytingu til að auðvelda tengingu launasjóða og verkefnasjóða.

Ágúst Hjörtur Ingbórsson

forstöðumaður